

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

Ákvæði 01.310 (1) skal orðast svo:

Bifhjól sem ekki er ætlað til almennrar notkunar og telst vera safngripur og er eða verður að minnsta kosti 25 ára á almanaksárinu.

2. gr.

Viðauki IV breytist þannig:

Undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“:

a. Í tölulið 45zn við tilskipun 2005/64/EB (í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“), kemur:

2009/1/EB	L 9, 14.01.2009	Birt í EES-viðbæti nr. 32, 14.6.2012, bls. 32.
-----------	-----------------	---

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 1. október 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.